Meðgöngueitrun



Hvað er meðgöngueitrun?

Meðgöngueitrun er fylgikvilli/sjúkdómur á meðgöngu sem oftast kemur fram á seinni hluta meðgöngu og aldrei fyrir 20 vikna meðgöngu. Meðgöngueitrun einkennist af: hækkuðum blóðþrýstingi, bjúg sem ekki rennur af þér við hvíld/yfir nóttina og próteini í þvagi. Sjúkdómurinn er oft einkennalaus og greinist þá í mæðraskoðun.

Hvers vegna er mikilvægt að greina meðgöngueitrun?

Meðgöngueitrun er nokkuð algeng og kemur fram í 2-8 af hverjum 100 þungunum.
Í flestum tilfellum er um vægan sjúkdóm að ræða, sem hefur ekki mikil áhrif á meðgönguna. Ein af hverjum 200 konum (0,5%) fá alvarlega meðgöngueitrun, sem getur haft áhrif á líf móður og barns.
Einkenni alvarlegrar meðgöngueitrunar eru m.a:

- slæmur höfuðverkur sem fer ekki, þrátt fyrir töku verkjalyfja.
- sjóntruflanir s.s. flyksur fyrir augum, stjörnur og eða blossi.
- verkur undir hægri rifjaboga.
- brjóstsviði sem fer ekki þrátt fyrir töku sýrubindandi lyfja.
- skyndileg aukning á bjúg í andliti, höndum og fótum.
- almenn vanlíðan.

Ef þú finnur fyrir þessum einkennum skaltu strax hafa samband við heilsugæslustöð eða fæðingadeild. Í alvarlegustu tilfellunum getur sjúkdómurinn haft áhrif á lifur og nýru og truflað eðlilega blóðstorknun. Alvarleg meðgöngueitrun getur endað með krampa fyrir eða fljótlega eftir fæðingu barnsins, en það er sjaldgæft ástand og gerist í u.þ.b. 1 af 4000 þungunum.

Ef ég er með háan blóðþrýsting, er ég þá með meðgöngueitrun?

Ekki endilega þú getur haft háþrýsting án meðgöngueitrunar.



Ef ég er með bjúg, er ég þá með meðgöngueitrun?

Bjúgur einn og sér þarf alls ekki að þíða að þú sért með meðgöngueitrun og í raun er eðlilegt að hafa einhvern bjúg á meðgöngunni. Bjúgurinn hefur meiri þýðingu ef hann hverfur ekki við hvíld, er mjög greinilegur í höndum og í andliti eða ef þú þyngist meira en 2-3 kg á viku.

Hvaða áhrif hefur meðgöngueitrun á barnið mitt?

Blóðflæði getur orðið minna um fylgjuna, en hún sér um að næra barnið þitt. Það getur haft þau áhrif að barnið þitt verði léttara en eðlilegt þykir. Einnig getur verið að legvatn sé í minna lagi.
Langflestar konur sem fá meðgöngueitrun fæða heilbrigð börn. Með góðu meðgöngueftirliti er í langflestum tilfellum tekist á við sjúkdóminn áður en hann verður mjög alvarlegur.

Hvaða konur eru í áhættu á að fá meðgöngueitrun og get ég gert eitthvað til að koma í veg fyrir hana?

Hvaða kona sem er getur fengið meðgöngueitrun, en þú ert í aukinni áhættu ef:

- þú hefur undirliggjandi háþrýsting.
- varst með háþrýsting eða meðgöngueitrun í fyrri þungunum.
- ef þú ert með nýrnasjúkdóma, sykursýki eða sjálfsofnæmissjúkdóma t.d. rauða úlfa.

Ef eitthvað af þessu á við um þig mælir læknir stundum með að þú takir lágskammta asperin (75 mg) einu sinni á dag frá 12. viku til að minnka líkur á endurteknum sjúkdómi.

Einnig er talið að þú sért í aukinni áhættu ef fleiri en einn af eftirtöldum þáttum eiga við:

- gengur með þitt fyrsta barn.
- > 40 ára.
- síðasta meðganga var fyrir meira en 10 árum.
- ofþyngd, BMI > 35. móðir þín eða systir hafa fengið meðgöngueitrun.
- þú gengur með fjölbura.

Í þessum tilfellum er jafnvel mælt með töku Hjartamagnýl frá 12. viku.

Hver er meðferðin við meðgöngueitrun?

Fæðingin er besta lækningin við meðgöngueitrun en hún er ekki alltaf æskileg ef þú ert komin stutt í meðgöngu, því þá fer líklega betur um barnið inni í leginu. Það þarf að fylgjast vel með líðan þinni og barnsins og talsverðar líkur eru á því að þú þurfir að dvelja á sjúkrahúsi. Á sjúkrahúsinu er fylgst með blóðþrýstingi og e.t.v. færðu blóðþrýstingslækkandi lyf. Skoða þarf hvort prótein er í þvagi með þvagsýni.

Fylgst er með hjartslætti barnsins og vöxtur þess metinn með ómskoðunum.

Ef þú ert með vægan sjúkdóm getur þú í flestum tilfellum verið eitthvað heima en í þéttu eftirliti á fæðingadeildinni.
Mælt er með fæðingu barns eftir 37 vikna meðgöngu.

Í þeim tilfellum sem sjúkdómurinn er alvarlegur getur þurft að framkalla fæðingu enn fyrr eða gera keisaraskurð. Í þeim tilfellum er stundum gefið lyf í æð til að fyrirbyggja krampa.
Ef meðgöngulengd er minni en 34 vikur er æskilegt að barnið fæðist á Landspítalanum í Reykjavík því þar er öruggasta þjónustan fyrir fyrirbura.

Hvað gerist eftir fæðinguna?

Í flestum tilfellum gengur sjúkdómurinn til baka fljótt eftir fæðingu barns og fylgju. Ef þú hefur verið með alvarlegan sjúkdóm þarf að fylgjast vel með þér fyrstu dagana eftir fæðinguna og líklegt að þú þurfir að taka blóðþrýstingslækkandi lyf í einhvern tíma.
Ef barnið þitt hefur þurft að fæðast fyrir tímann eða er minna en meðgöngulengd segir til um, þarf að fylgjast vel með barninu þínu fyrstu dagana. Ekkert mælir á móti því að barn sé á brjósti eða fái brjóstamjólk.
Fylgst er með blóðþrýstingi í allt að 6 vikur eftir fæðingu og við mælum með eftirskoðun hjá fæðingalækni ef þú hefur verið með alvarlegan sjúkdóm.

Fæ ég meðgöngueitrun í næstu meðgöngu?

Af öllum einstaklingum sem fá meðgöngueitrun, fær 1 af hverjum 6 meðgöngueitrun í síðari þungunum.
Af þeim einstaklingum sem fengu alvarlega meðgöngueitrun eða meðgöngukrampa:

- ein af hverjum tveimur fær meðgöngueitrun ef þær þurftu að fæða fyrir 28 vikur (50%).
- ein af hverjum fjórum fær meðgöngueitrun ef þær þurftu að fæða fyrir viku 34 (25%).

Byggt á RCOG patient information. Yfirfarið nóvember 2026